

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-96/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á fartölvu. Krefst álitsbeiðandi riftunar á kaupunum og beinir hann kröfum sínum að Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. nóvember sl., gaf kæruneftndin gagnaðila kost á andsvörum og bærust þau hinn 9. desember. Með bréfi, dags. 8. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 22. janúar. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 10. apríl, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 17. október 2012 keypti álitsbeiðandi fartölvu á vefsíðu gagnaðila fyrir kr. 99.990. Var tölvan af gerðinni Toshiba Satellite. Var tölvan keypt á tilboðsverði, en fullt verð tölvunnar var kr. 150.000. Greiddi álitsbeiðandi fyrir tölvuna með því að millifæra kaupfjárhæðina inn á bankareikning gagnaðila. Nokkrum dögum eftir að hafa gengið frá greiðslunni, þ.e. hinn 29. október, sótti álitsbeiðandi síðan tölvuna á starfsstöð gagnaðila.

Í júlí 2014 bilaði tölva álitsbeiðanda og hafði álitsbeiðandi þá samband við gagnaðila og óskaði eftir viðgerð á tölvunni, þar sem hún væri með tveggja ára ábyrgð sem ekki var runnin út. Benti gagnaðili álitsbeiðanda á að hafa samband við þriðja aðila, tölvuverkstæði, sem álitsbeiðandi og gerði. Þegar það bar ekki árangur hafði álitsbeiðandi aftur samband við gagnaðila, sem aftur vísaði honum á fyrrgreindan viðgerðaraðila. Fór álitsbeiðandi með tölvuna til viðgerðaraðilans. Þar kom í ljós að tölvan var haldin galla sem ætti að falla innan ábyrgðar. Þegar álitsbeiðni var rituð hafði tölvan verið í viðgerð hjá viðgerðaraðilanum í um þrjú mánuði og segir álitsbeiðandi að viðgerðaraðilinn hafi „gefist upp“ á því að reyna að laga tölvuna. Segist álitsbeiðandi hafa ítrekað staðið í samskiptum bæði við gagnaðila og viðgerðaraðila, en báðir neiti að bera ábyrgð á tölvunni og báðir vísi á fyrirtækið Buy.is sem réttan seljanda og ábyrðaraðila. Það fyrirtæki sé hins vegar gjaldprotta að sögn álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi telur ljóst að gagnaðili beri fulla ábyrgð á tölvunni, enda hafi hún verið keypt í gegnum heimasíðu hans, greitt hafi verið fyrir vöruna inn á reikning gagnaðila og varan sótt á starfsstöð hans. Telur álitsbeiðandi því að gagnaðili sé seljandi tölvunnar og beri því ábyrgð á henni skv. ákvæðum laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum milli álitsbeiðanda, gagnaðila og viðgerðaraðila, afrit af kvittun fyrir millifærslu álitsbeiðanda til gagnaðila, afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við Neytendasamtökin og Neytendastofu, og að lokum

afrit af sölureikningi vegna kaupa álitsbeiðanda á fartölvu, gefnum út af 1949 ehf., dags. 29. október 2012, að fjárhæð kr. 99.990.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila, rituðum af lögmanni hans, kemur m.a. fram að gagnaðili rekur söluvef þar sem neytendur geta nálgast tilboðsvöru til kaups. Álitsbeiðandi hafi keypt tölvu sem Buy.is (þá 1949 ehf.), hafi auglýst til sölu á söluvef gagnaðila. Gagnaðili er því í raun umsýsluaðili í viðskiptum milli kaupanda og seljanda, þ.e. auglýsir vöru seljanda, miðlar greiðslu og í sumum tilvikum vörunni sjálfri. Gagnaðili er þannig ekki seljandi umræddrar tölvu heldur sá aðili sem auglýsti tölvuna á söluvefnum. Næst rekur gagnaðili ábyrgð sína skv. eigin skilmálum sem hægt er að finna á vefsvæði hans. Þar segir orðrétt:

„Skilmálarnir, sem samþykktir eru með staðfestingu á kaupum, er grunnurinn að viðskiptunum. Um öll þau kaup og viðskipti sem koma til með að eiga sér stað fyrir milligöngu [gagnaðila] gilda þau landslög sem eiga við hverju sinni. Kaupandi, samkvæmt skilmálum þessum, er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu fyrir milligöngu [gagnaðila] utan atvinnustarfsemi. Seljandi, samkvæmt skilmálum þessum, er sá aðili sem selur þá vöru eða þjónustu sem um ræðir fyrir milligöngu [gagnaðila].“

Segir gagnaðili að hvergi verið séð að álitsbeiðandi telji sig óbundinn af skilmálunum, enda gekk hann til viðskipta við buy.is og samþykkti þar með að skilmálar gagnaðila tækju til kaupanna. Ennfremur komi skýrt fram í skilmálunum hver sé skilgreining á seljanda, kaupanda, ábyrgð á vöru, skilarétti o.fl. en um framangreint segi í skilmálunum:

„[Gagnaðili] selur ávísanir (kvittun fyrir kaupunum) sem veitir Kaupanda rétt til þess að fá afhenda þá vöru eða þjónustu sem ávísun (kvittun fyrir kaupunum) vísar til. [Gagnaðili] ber þannig enga ábyrgð á gæðum þeirrar vöru eða þjónustu sem keypt er og fer um það réttarsamband eftir þeim reglum og skilmálum sem gilda á milli Kaupanda og Seljanda.“

Tekur gagnaðili fram að aldrei áður hafi verið uppi vafi um það hver sé í raun seljanda vöru sem seld er á vefsvæði gagnaðila, enda rækilega auglýst á vefsíðunni hverju sinni, hver sé seljandi. Í þessu máli vilji reyndar svo óheppilega til að seljandi er orðinn gjaldþrota. Þannig liggja fyrir að ábyrgðaraðilinn, seljandinn, geti ekki staðið við sína lögbundu ábyrgðarskyldu. Gagnaðili hafi hins vegar reynt að koma til móts við álitsbeiðanda eins og hægt var miðað við aðstæður. Gagnaðili geti hins vegar ekki gengið þannig á svig við skilmála sína og eðli starfsemi sinnar að gangast í algera ábyrgð fyrir hundruðir söluaðila, án nokkurrar lagalegrar skyldu til þess. Vísar gagnaðili næst til 4. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Þar segi orðrétt:

„Umboðsmaður seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu er samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. [...]“

Bendir gagnaðili á að hann hafi þegar rakið skilmála sína, þar sem skýrmerkilega sé gerð grein fyrir stöðu kaupenda gagnvart gagnaðila og seljendum. Í skilmálunum komi skýrt fram að það séu seljendur, en ekki gagnaðili, sem beri ábyrgð á gæðum þeirrar vöru eða þjónustu sem keypt er á vefsíðu gagnaðila. Því geti gagnaðili ekki borið ábyrgð á tölvu þeirri sem álitsbeiðandi keypti af buy.is. Meðfylgjandi andsvörum er afrit af skilmálum gagnaðila.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi fartölvu af gerðinni Toshiba Satellite á vefsíðu gagnaðila hinn 17. október 2012 fyrir kr. 99.990. Greiddi álitsbeiðandi fyrir tölvuna með því að millifæra kaupfjárhæðina inn á bankareikning gagnaðila. Nokkrum dögum eftir að hafa gengið frá greiðslunni, þ.e. hinn 29. október, sótti álitsbeiðandi síðan tölvuna á starfstöð gagnaðila. Í gögnum málsins liggur síðan fyrir reikningur vega kaupa á tölvunni að fjárhæð kr. 99.990, dags. 29. október 2012, en útgefandi reikningsins er félagið 1949 ehf. Það félag var úrskurðað gjaldþrota hinn 12. nóvember sl.

Í júlí sl. bilaði tölva álitsbeiðanda og gekk erfiðlega að fá gert við hana. Telur álitsbeiðandi að gagnaðili beri ábyrgð á tölvunni þar sem hann hafi í raun verið seljandi hennar og beinir því kröfum sínum um riftun á tölvunni að gagnaðila.

Gagnaðili hefur m.a. vísað til þess í andsvörum að skýrlega sé tekið fram í skilmálum hans að hann sé aðeins milliliður í viðskiptum neytenda við seljendur, bæði í þessu tiltekna máli og í öllum viðskiptum sínum almennt. Þá vísar gagnaðili til þess að 2. málsl. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi við um sig, þ.e. að þar sem bent hafi verið á það í skilmálum að gagnaðili sé ekki samábyrgur seljendum vöru á vefsíðu sinni, heldur aðeins milliliður, því sé gagnaðili ekki samábyrgur seljanda vegna skyldna hans. Er greinin svohljóðandi:

„Umboðsmaður seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu er samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. [...]“

Rétt er að taka fram að lög nr. 48/2003 um neytendakaup eru ófrávíkjanleg, sbr. 3. gr. laganna. Felst í því að ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytendum óhagstæðari en myndi annars leiða af lögnum. Það breytir því þó ekki að þeir aðilar sem hafa milligöngu um sölu á vöru til neytenda, hvort heldur sem það eru bifreiðasalar, eða aðrir aðilar sem taka að sér að sjá um viðskipti fyrir seljendur og fyrir þeirra hönd koma á viðskiptum við neytendur geta, skv. framanröktum 2. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna, undanskilið sig frá því að vera samábyrgir seljendum gagnvart neytendum vegna viðskiptanna.

Kæruneftndin telur í fyrsta lagi ljóst að félagið 1949 ehf., sem gaf út reikning til álitsbeiðanda vegna kaupa á hinni umþrættu fartölu, sé seljandi tölvunnar í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Skoðast þá eingöngu hvort gagnaðili getið hafa verið samábyrgur seljanda, sbr. 4. mgr. 1. gr. laganna. Í skilmálum gagnaðila segir m.a. eftirfarandi:

„[Gagnaðili] selur ávísanir (kvittun fyrir kaupunum) sem veitir Kaupanda rétt til þess að fá afhenda þá vöru eða þjónustu sem ávísun (kvittun fyrir kaupunum) vísar til. [Gagnaðili] ber þannig enga ábyrgð á gæðum þeirrar vöru eða þjónustu sem keypt er og fer um það réttarsamband eftir þeim reglum og skilmálum sem gilda á milli Kaupanda og Seljanda.“

Kæruneftndin telur að fallast verði á það með gagnaðila að hann hafi undanskilið sig samábyrgð með seljanda, í þessu tilviki 1949 ehf., með framangreindu orðalagi í skilmálum sínum. Af því leiðir að álitsbeiðandi getur ekki beint kröfum sínum að gagnaðila. Ber því að hafna kröfum hans.

Kærunefndin vill að lokum taka fram að á söluvef gagnaðila er í sumum tilvikum erfitt að átta sig á því hver sé í raun og veru seljandi vöru sem þar er boðin til sölu. Er þannig ekki útilokað að í einhverjum tilvikum gæti komið upp sú staða að gagnaðili yrði gerður ábyrgur fyrir seldri vöru á vefsvæði sínu, þrátt fyrir framanrakin ákvæði skilmála vefsvæðisins.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir